

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/363
komudagur 22.11.2007



Félag háskólamenntaðra


Reykjavík, 21. nóvember 2007.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: umsögn um frv. til laga um br. á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

Með vísan til bréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis dags. 19. nóvember 2007 þar sem óskað er eftir álitum Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) á efni frumvarps til laga um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, þskj. 46, 46. mál óskar félagið eftir að áréttu fyrri sjónarmið sín í þessu máli, sbr. bréf félagsins til nefndasviðs dags. 30.03. 2001 og 11.03. 2003 sem fylgja hjálögð.

Virðingarfyllt


Ólafur Gréttar Kristjánsson
formaður FHSS

Stjórn FHSS er svo skipuð: Ólafur Gréttar Kristjánsson, formaður, menntamálaráðuneyti, Björn Arnar Magnússon, félagsmálaráðuneyti, Dís Sigurgeirsdóttir, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Gunnhildur Stefánsdóttir, utanríkisráðuneyti, Margrét Erlendsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisráðuneyti. Veffang: www.fhss.is.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. mars 2001.

Umsögn um frv. til laga um br. á lögum um kjarasamn. opinb. starfsmanna nr. 94/1986.


Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) hefur verið gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp það er að ofan greinir og liggur fyrir 126. löggjafarþingi, flutningsmaður Pétur Blöndal. Í frv. er lagt til að 7. gr. téðra laga verði felld brott, en hún fjallar um rétt til þátttöku í stéttarfélagi. Ennfremur er í greininni fjallað um greiðslur þeirra einstaklinga er kjósa að standa utan stéttarfélaga til hlutaðeigandi félags þegar viðkomandi nýtur góðs af starfi þess.

FHSS er hlynnt félagafrelsi, þ.e. að menn geti valið *hvort* þeir tilheyri stéttarfélagi eður ei, og ennfremur að þeir geti valið *hvaða* stéttarfélagi þeir tilheyra. Hins vegar snýst þetta frumvarp ekki um að tryggja félagafrelsi, heldur er því beint *gegn* tilvist stéttarfélaga. Kjarni frumvarpsins birtist í því að lagt er til að 2. mgr. 7. gr. fyrrnefndra laga falli brott, en þar segir: „Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi.“

Ekki er þolandi að einstaklingar sem njóta góðs af tilvist og baráttu stéttarfélaga skuli uppskera laun erfiðis annarra án þess að hafa lagt nokkuð á sig. Það er lágmarkskrafa að þeir greiði gjald til viðkomandi stéttarfélags til staðfestingar veittri þjónustu.

Jafnframt þessu er minnt á að fjármálaráðherra hefur lýst yfir því við forystumenn hjá Bandalagi háskólamanna að hann hafi hug á að láta endurskoða lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 í heild. FHSS er reiðubúið til þess að taka þátt í þeirri endurskoðun og telur eðlilegra að fram fari gagnger athugun á lögnum, frekar en að tínt sé út eitt og eitt atriði eftir smekk einstakra þingmanna.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar FHSS



Stjórn FHSS er svo skipuð: Ólafur Grétar Kristjánsson, formaður, menntamálaráðuneyti, Auðbjörg Halldórsdóttir, utanríkisráðuneyti, Björn Arnar Magnússon, félagsmálaráðuneyti, Dóróthea Jóhannsdóttir, sjávarútvegsráðuneyti, Einar Hannesson, samgönguráðuneyti, Margrét Erlendsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Sigfríður Gunnlaugsdóttir, Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis.


Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2003.

Umsögn um frv. til laga um br. á lögum um kjarasamn. opinb. starfsmanna nr. 94/1986.

Með vísan til bréfs dags. 21.02. 2003 þar sem Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) er gefinn kostur á að veita umsögn um fram komið frv. til laga um br. á lögum um nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna óskar FHSS eftir að áréttta fyrri umsögn dags. 30.03. 2001 þar sem klykkt er út með eftirfarandi orðum: „...fram fari gagnger athugun á lögnum, frekar en að tínt sé út eitt og eitt atriði eftir smekk einstakra þingmanna“. Félagið er sem fyrr hlynnt heildarendurskoðun á kjarasamningslögnum og fagnar hverju því framtaki sem orðið getur til þess að efla og treysta réttindi og kjör opinberra starfsmanna.

Virðingarfyllst,


Ólafur Grétar Kristjánsson
formaður FHSS

Stjórn FHSS er svo skipuð: Ólafur Grétar Kristjánsson, formaður, menntamálaráðuneyti, Auðbjörg Halldórsdóttir, utanríkisráðuneyti, Björn Arnar Magnússon, félagsmálaráðuneyti, Dóróthea Jóhannsdóttir, fjármálaráðuneyti, Kristín Helga Markúsdóttir, samgönguráðuneyti, Margrét Erlendsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Sigfríður Gunnlaugsdóttir, utanríkisráðuneyti.